

**Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**, kt. 491098-2529, Sigtúni 42, 105 Reykjavík (hér eftir „Brú“); og

**Hafnarfjarðarbær** kt. 590169-7579, Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður hér eftir sameiginlega nefndir „aðilar“, gera með sér svohljóðandi:

## SAMKOMULAG UM UPPGJÖR

### 1. Inngangur

- 1.1. Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Miðuðu breytingarnar að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Fól samkomulagið í sér að breytingar skyldu gerðar á málefnum A-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins („LSR“) og Brúar. Meðal annars skyldi ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verða aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.
- 1.2. Breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna samkvæmt samkomulaginu sem vísað er til í grein 1.1. að ofan skulu fjármagnaðar af launagreiðendum, þ.e. ríki og sveitarfélögum, sem skulu leggja sjóðunum til skilgreind framlög sem byggja á tryggingafræðilegu mati á framtíðarskuldbindingum þeirra vegna lífeyrisauka, sem skuli mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði. Í framangreindu samkomulagi er einnig kveðið á um framlög launagreiðenda í sérstaka varúðarsjóði sem er ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar lífeyrissjóðs.
- 1.3. Samhliða því samkomulagi sem getið er um í gr. 1.1. að ofan gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum við samþykkt viðkomandi sveitarstjórna á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar. Aðilar samkomulags þessa líta svo á að framangreindur fyrirvari falli brott gagnvart við undirritun samkomulags þessa.
- 1.4. Þann 22. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og byggðu þau að meginstefnu til á því samkomulagi sem vísað er til í grein 1.1. að ofan. Í lögnum er meðal annars kveðið á um greiðslu ríkisins á framlagi til A-deildar LSR sem ætlað er að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum samkvæmt lögnum. Lífeyrisauki er þar skilgreindur sem sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Myndar framlagið svonefndan lífeyrisaukasjóð. Í lögnum er einnig kveðið á um framlag ríkisins í sérstakan varúðarsjóð A-deildar LSR, sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð og framlag ríkisins til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi.

- 1.5. Brú starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og þeirra samþykktar er fyrir sjóðinn gilda. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, skal stjórn Brúar aðlaga samþykktir A-deildar sjóðsins með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þann 8. maí 2017 samþykkti stjórn sjóðsins breytingu á samþykktum hans til aðlögunar að ákvæðum laga nr. 129/1997 og laga nr. 1/1997 eftir framangreindar breytingar. Voru þær staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra þann 1. júní 2017. Samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, þeim samkomulögum sem fjallað er um í greinum 1.1.–1.3. að ofan og samþykktum Brúar hvílir sú skylda á þeim launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að inna af hendi sambærileg framlög til A-deildar Brúar og ríkinu ber að inna af hendi til A-deildar LSR, sbr. grein 1.4. að ofan.
- 1.6. Ber launagreiðendum sem greiða til Brúar þannig að inna af hendi eftirfarandi framlög til A-deildar Brúar:
- i) **9.958.717.284 kr. í jafnvægisjóð** sem ráðstafað skal til að koma áfallinni stöðu A-deildar Brúar í jafnvægi miðað við þann 31. maí 2017; og
  - ii) **27.260.749.984 kr. í lífeyrisaukasjóð** til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á honum; og
  - iii) **3.015.817.552 kr. í varúðarsjóð** sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð.
- 1.7. Samkomulag þetta lýtur að uppgjöri á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í fjármögnun þeirra þátta sem tilgreindir eru í grein 1.6. að ofan, en hlutdeild hvers og eins launagreiðanda er sundurliðuð í viðauka 1 (*Sundurliðun framlags launagreiðenda í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð*) við samkomulag þetta.
- 1.8. Hafnarfjarðarbær er kunnugt um 4. gr. samnings þess sem vísað er til í grein 1.3 að ofan, sem ber fyrirsögnina „Uppgjör ríkissjóðs vegna skuldbindinga sveitarfélaga sem myndast hjá A-deild LSR“, sem er svohljóðandi:

*„Áætlað er að um 20,1 ma.kr. af framlagi ríkissjóðs skv. 3. gr. verði varið til uppgjors vegna skuldbindinga sveitarfélaga og stofnana þeirra sem myndast hjá A-deild LSR. Uppgjör ríkissjóðs er háð því skilyrði að sveitarfélög ábyrgist og geri upp skuldbindingar sínar gagnvart A-deild Brúar og á ríkið endurkröfurétt gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki gera upp skuldbindingar sínar, sbr. 5. og 7. gr.“*

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 127/2016, kemur fram að framlag ríkissjóðs vegna skuldbindinga sveitarfélaga sem myndast hafa í A-deild LSR verði alls um 27,8 ma.kr., eða 23,6 ma.kr. vegna lífeyrisaukasjóðs, 2,3 ma.kr. vegna áfallinnar stöðu og 1,9 ma.kr. vegna varúðarsjóðs. Standi Hafnarfjarðarbær ekki við skuldbindingar sínar gagnvart Brú samkvæmt samkomulagi þessu, kann það að leiða til endurkröfu ríkissjóðs á hendur **Hafnarfjarðarbæjar**, sbr. framangreint.

## 2. Framlag í jafnvægisjóð

- 2.1. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig hér með til að greiða 633.829.103 kr. framlag í jafnvægisjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31. janúar 2018.

2.2. Hafnarfjarðarbær er heimilt að inna framlag samkvæmt grein 2.1. að ofan af hendi með útgáfu skuldabréfs. Skuldabréfið skal þá vera á því formi sem er að finna í viðauka 2 við samkomulag þetta (*Form að skuldabréfi vegna framlags í jafnvæggissjóð*) og með þeim kjörum sem þar greinir.

### 3. Framlag í lífeyrisaukasjóð

3.1. **Hafnarfjarðarbær** skuldbindur sig hér með til að greiða 1.896.649.091 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31. janúar 2018.

3.2. **Hafnarfjarðarbær** er heimilt að inna framlag samkvæmt grein 3.1. að ofan af hendi með útgáfu skuldabréfs. Skuldabréfið skal þá vera á því formi sem er að finna í viðauka 3 við samkomulag þetta (*Form að skuldabréfi vegna framlags í lífeyrisaukasjóð*) og með þeim kjörum sem þar greinir.

### 4. Framlag í varúðarsjóð

4.1. **Hafnarfjarðarbær** skuldbindur sig hér með til að greiða 204.047.193 kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31. Janúar 2018.

4.2. Hafnarfjarðarbær er heimilt að inna framlag samkvæmt grein 4.1. að ofan af hendi með útgáfu skuldabréfs. Skuldabréfið skal þá vera á því formi sem er að finna í viðauka 4 við samkomulag þetta (*Form að skuldabréfi vegna framlags í varúðarsjóð*) og með þeim kjörum sem þar greinir.

4.3. Um ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði fer samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. ákvæði bráðabirgða X laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 7. gr. laga nr. 127/2016 og 9. gr. samþykktu Brúar. Inni Hafnarfjarðarbær framlag í varúðarsjóð samkvæmt grein 4.1. að ofan af hendi með skuldabréfi samkvæmt heimild í grein 4.2. að ofan, mun innheimta af skuldabréfinu ráðast af ákvörðun um ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóðnum, sbr. skilmála skuldabréfsins.

### 5. Ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar

5.1. Hafnarfjarðarbær ber fulla og óskipta ábyrgð á framangreindum greiðslum á framlögum til A-deildar Brúar samkvæmt greinum 2.-4. samkomulags þessa.

5.2. Sjálfskuldarábyrgðin nær til heildarfjárhæðar framlaga auk vaxta, dráttarvaxta, vaxtavaxta, lögbundinna vanskilaálaga, kostnaðar við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaðar, kostnaðar við fjárnámsgerð og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum, svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum á greiðslum kann að leiða.

6. Með sjálfskuldarábyrgð þessari ábyrgist Hafnarfjarðarbær framangreind framlög sem sín eigin.

### 7. Málsmeðferð hjá sveitarstjórn

Ákvörðun um að [gera þetta samkomulag] / [takast á hendur ábyrgð á skuldbindingum **Hafnarfjarðarbæjar** samkvæmt 5. gr.] hefur hlotið viðeigandi málsmeðferð í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011. Því til stuðnings leggur Hafnarfjarðarbær fram við undirritun þessa samkomulags staðfesta bókun sveitarstjórnar, sem er að formi og efni til fullnægjandi að mati Brúar.

**8. Önnur ákvæði**

- 8.1. Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við samkomulag þetta skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín á milli. Náist slíkt samkomulag ekki er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 8.2. Samkomulag þetta er gert í tveimur (2) eintökum, einu fyrir hvorn aðila.
- 8.3. Öllu framanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar samkomulagið hér fyrir neðan.

Hafnarfjörður, [ ] 2018

f.h. Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna  
sveitarfélaga

F.h Hafnarfjarðarbæjar

---

---

---

---

---

---

## VIÐAUKI 1

### Sundurliðun framlags launagreiðenda í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð

Kennitala	Nafn launagreiðenda				Jafnvægisjóður	Lífeyrisauki	Varúðarsjóður	Samtals framlag
4102720599	Rafveita Hafnarfjarðar	Sveitarfélag	Staðfest	1400	423.404	0	0	423.404
5901695529	Hafnarfjarðarhöfn	Sveitarfélag	Staðfest	1400	25.821.232	61.689.656	6.636.758	94.147.646
5901697579	Hafnarfjarðar kaupstaður	Sveitarfélag	Staðfest	1400	607.584.466	1.834.959.435	197.410.435	2.639.954.337
					633.829.103	1.896.649.091	204.047.193	2.734.525.387

**VIÐAUKI 2**  
**Form að skuldabréfi vegna framlags í jafnvægisjóð**

**Skuldabréf**  
**Jafnvægisjóður**

[Nafn og kennitala útgefanda] viðurkennir hér með að skulda Brú lífeyrissjóði, A-deild, kt. 491098-2529, Sigtúni 42, Reykjavík

kr. [fjárhæð í tölustöfum og bókstöfum]

Höfuðstóll skuldarinnar skal bundinn vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 446,0 stig í janúar 2018. Með vísitölu neysluverðs er átt við vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitölu neysluverðs gilda á hverjum tíma. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu skv. ofanskráðu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Vísitala skuldabréfsins skal þó aldrei vera lægri en grunnvísitala þess.

Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er vísitöluálagi bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn.

Af höfuðstól skuldar samkvæmt skuldabréfi þessu eins og hann er á hverjum tíma, ber útgefanda að greiða 3,5% fasta ársvexti. Vextir ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir reiknast frá 31. janúar 2018.

Skuldabréf þetta skal greiða með (60-360) jöfnum mánaðarlegum afborgunum og skal gjalddagi vera tuttugasta dag hvers mánaðar, fyrst 20. mars 2018.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta/vísitöluálags af skuldabréfi þessu, sem vara lengur en í 90 daga, er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust. Ber þá að greiða dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð skv. framanrituðu fyrir þann tíma, sem greiðsla dregst.

Þegar skuldin er fallin má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu ofangreindrar skuldar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Rísi mál út af skuld þessari, skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og er heimilt að reka það samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skuldabréf þetta telst til framlags útgefanda til jafnvægisjóðs A-deildar Brúar lífeyrissjóðs samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, sbr. einnig bráðabirgðaákvæði XIII í lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. f. lið 7. gr. laga nr. 127/2016.

Reykjavík, [dagsetning]

\_\_\_\_\_  
[Nafn útgefanda]

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

**VIÐAUKI 3**  
**Form að skuldabréfi vegna framlags í lífeyrisaukasjóð**

**Skuldabréf**  
**Lífeyrisauki**

[Nafn og kennitala útgefanda] viðurkennir hér með að skulda Brú lífeyrissjóði, A-deild, kt. 491098-2529, Sigtúni 42, Reykjavík

kr. [fjárhæð í tölustöfum og bókstöfum]

Höfuðstóll skuldarinnar skal bundinn vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 446,0 stig í janúar 2018 Með vísitölu neysluverðs er átt við vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitölu neysluverðs gilda á hverjum tíma. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu frá grunnvísitölu skv. ofanskráðu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölu milli gjalldaga. Vísitala skuldabréfsins skal þó aldrei vera lægri en grunnvísitala þess.

Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er vísitöluálagi bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalldaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn.

Af höfuðstól skuldar samkvæmt skuldabréfi þessu eins og hann er á hverjum tíma, ber útgefanda að greiða 3,5% fasta ársvexti. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir reiknast frá 31. janúar 2018.

Skuldabréf þetta skal greiða með (60-360) jöfnum mánaðarlegum afborgunum og skal gjalddagi vera tuttugasta dag hvers mánaðar, fyrst 20 mars 2018.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta/vísitöluálags af skuldabréfi þessu, sem vara lengur en í 90 daga, er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust. Ber þá að greiða dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð skv. framanrituðu fyrir þann tíma, sem greiðsla dregst.

Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framangreindu má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu ofangreindrar skuldar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Rísi mál út af skuld þessari, skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og er heimilt að reka það samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skuldabréf þetta telst til framlags útgefanda til lífeyrisaukasjóðs A-deildar Brúar lífeyrissjóðs samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, sbr. einnig bráðabirgðaákvæði IX í lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. b. lið 7. gr. laga nr. 127/2016.

Reykjavík, [dagsetning]

[Nafn útgefanda]

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila:

## VIÐAUKI 4 Form að skuldabréfi vegna framlags í varúðarsjóð

### Skuldabréf Varúðarsjóður

[Nafn og kennitala útgefanda] viðurkennir hér með að skulda Brú lífeyrissjóði, A-deild, kt. 491098-2529, Sigtúni 42, Reykjavík

kr. [fjárhæð í tölustöfum og bókstöfum]

Höfuðstóll skuldarinnar skal bundinn vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 446 stig í janúar 2018. Með vísitölu neysliverðs er átt við vísitölu neysliverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitölu neysliverðs gilda á hverjum tíma. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu skv. ofanskráðu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Vísitala skuldabréfsins skal þó aldrei vera lægri en grunnvísitala þess.

Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er vísitöluálagi bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn.

Af höfuðstól skuldar samkvæmt skuldabréfi þessu eins og hann er á hverjum tíma, ber útgefanda að greiða 3,5% fasta ársvexti. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir reiknast frá 31. janúar 2018

Skuldabréf þetta skal greiða með 19 árlegum afborgunum og skulu fyrstu 18 afborganir ákvarðast þannig að fjárhæð afborgunar hvers árs skal ráðast af niðurstöðu matshóps sem skipaður er í samræmi við 4. mgr. 9. gr. samþykta Brúar lífeyrissjóðs. Þannig kemur einungis til greiðslu ef tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs A-deildar Brúar lífeyrissjóðs samkvæmt árlegu mati er neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfelld í meira en 10 ár. Skal árleg greiðsla nema svo hárrí fjárhæð sem þörf er á til að neikvæðu 5% viðmiði verði náð með þeirri greiðslu og greiðslum af öðrum skuldabréfum aðila sjóðsins sem gefin hafa verið út í sama skyni. Gjalddagi hvernar afborgunar skal vera 31. desember ár hvert, fyrst 31. desember 2018.

Lokagreiðsla skal fara fram 31. desember 2036 og skal hún nema svo hárrí fjárhæð sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs A-deildar Brúar lífeyrissjóðs verði jákvæð um a.m.k. 2,5%.

Eftirstöðvar skuldabréfsins að öllum framangreindum afborgunum loknum skulu falla niður, nema stjórn Brúar lífeyrissjóðs, ásamt stofnaðilum hans, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, BSRB, BHM og KÍ ákveði að eftirstöðvar skuli greiddar og þeim ráðstafað til lífeyrisaukasjóðsins eða A-deildar.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta/vísitöluálags af skuldabréfi þessu, sem vara lengur en í 90 daga, er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust. Ber þá að greiða dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð skv. framanrituðu fyrir þann tíma, sem greiðsla dregst.

Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framangreindu má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu ofangreindrar skuldar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Rísi mál út af skuld þessari, skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og er heimilt að reka það samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.



Skuldabréf þetta telst til framlags útgefanda til varúðarsjóðs A-deildar Brúar lífeyrissjóðs samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis XVIII í lögum nr. 129/1997, sbr. 9. gr. laga nr. 127/2016, sbr. einnig bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. c. lið 7. gr. laga nr. 127/2016 og fer um ráðstöfun þess samkvæmt tilgreindum ákvæðum, sbr. 9. gr. samþykta Brúar lífeyrissjóðs.

Reykjavík, [dagsetning]

---

[Nafn útgefanda]

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

---

---